

123. Stjórnarfundur Fenúr

Mætt: Ragna Halldórsdóttir, Helga J. Bjarnadóttir, Ingvar Halldórsson, Már Karlsson, Elías Ólafsson og Guðmundur B. Friðriksson

Staður og stund: Sorpa, Gufunesi þann 21. mars 2011 kl. 14:15

Þetta gerðist

1. Þjónustusamningur við Sorpu
Farið var yfir drög að endurskoðuðum þjónustusamningi Fenúr og Sorpu sem HJB hafði unnið. Breytingar gerðar á drögnum. RHH ræðir við Sigríði Einarsdóttur hjá Sorpu um áætlaðan tíma sem þarf til að sinna verkefnum í samningnum og mánaðarlegar greiðslur Fenúr til Sorpu. Rætt um að starfsmaður eða fulltrúi Sorpu sem sinnir verkefnum Fenúr sitji stjórnarfundum Fenúr. Samningurinn verður kláraður á næsta stjórnarfundum.
2. Aðalfundur og ráðstefna 2011
 - Rætt um dagsetningu aðalfundar 2011. Föstudagurinn 29. apríl skarast á við Andrésar Andar leikana á Akureyri. Ákveðið að færa fundinn til föstudagsins 6. maí.
 - Dagskrá ráðstefnu í kjölfar aðalfundar rædd. GBF fór yfir hugmyndir að fyrirlestrum sem ræddar voru á stjórnarfundum 22. febrúar sl. en þær voru eftirfarandi: Þór Tómasson flytji erindi um sorpbrennslur og díoxínmengun, Hrefna segi frá fræðsluferð til Brussel á vegum EU vegna aðildarumsóknar, afmæli Sorpu og saga byggðasamlagsins, Helgi Már segi frá breytingum á sorphirðu á Akureyri, Guðmundur segi frá breytttri sorphirðu í Reykjavík, starfsmaður HÍ flytji erindi um sorpflokkun í Háskóla Íslands og erindi frá Umhverfisstofnun og/eða umhverfisráðuneytinu um hvað sé í deiglunni hjá þessum stofnunum varðandi úrgangsmál.
 - Vettvangsferð og yfirskrift ráðstefnu rædd. Málið geymt til næsta stjórnarfundar.
 - Stjórnarseta og framboð til stjórnarsetu rædd. GBF og HJB hafa setið í þrjú ár og gefa ekki kost á sér til áframhaldandi setu í stjórn.

Næsti stjórnarfundur verður á mánudaginn 4. apríl nk. RHH finnur heppilegan fundartíma og boðar fundinn.

Fundi slitið kl. 15:30

Fundarritari: Guðmundur B. Friðriksson